

Reykjavík, 23. október 2018
R14050187
3182

Borgarráð

Tilnefning fulltrúa í stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Lagt er til að borgarráð samþykki að tilnefna Oddnýju Sturludóttur og Þráinn Árna Baldvinsson í stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. hjálagt bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tilnefning í stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 21. september 2018




MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík



Reykjavík 21. september 2018
Tilv.: MMR18090179/2.2.12-

Með vísan til ákvæða 4. gr. laga nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands með síðari breytingum er hér með óskað eftir að Reykjavíkurborg tilnefni fulltrúa í stjórn hljómsveitarinnar frá 15. nóvember nk. til næstu fjögurra ára.

Samkvæmt 15. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði tveir einstaklingar, hvor af sínu kyni. Ráðherra skipar í stjórnina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Yrði þá annað þeirra sem tilnefnt er aðalmaður en hitt varamaður.

Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess.

Mælst er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en **12. október nk.** Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang og netfang tilnefndra aðila fylgja.

Fyrir hönd ráðherra

Karitas H. Gunnarsdóttir

Áslaug Dóra Eyjólfsson